

## Óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu

Árið 2017 voru alls rúmlega 10 þúsund óvænt atvik skráð í íslenski heilbrigðisþjónustu, en árið 2016 voru þau tæplega 12 þúsund talsins.

Með óvæntu atviki er átt við óhappatvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Skráð atvik eru þó nokkuð færri en árið 2016, en sennileg skýring á því er að það ár voru skráð 2793 atvik á bráðamóttöku Landspítalans er tengdust flæðishindrunum af bráðamóttökunni á legudeildir. Þessi atvik voru skráð sem „atvik tengd þjónustu“, en árið 2017 voru einungis 319 atvik skráð í þann flokk.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu er tilgangurinn með skráningu óvæntra atvika sá að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Í ljósi þess ítrekar Embætti landlæknis hversu mikilvæg atvikaskráning er og einnig hversu brýnt er að allra leiða sé leitað til að koma í veg fyrir að óvænt atvik eigi sér stað.

Algengustu skráð óvænt atvik á heilbrigðisstofnunum á landinu öllu eru byltur/föll, eða alls 5557 talsins. Önnur algeng skráð atvik eru atvik tengd lyfjameðferð, eða samtals 1124 talsins á landinu öllu. Í töflunni sést heildarfjöldi atvika, annars vegar á öllum heilbrigðisstofnunum nema Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri og hins vegar á þessum tveimur sjúkrahúsum. Samkvæmt þessum tölum eru byltur/föll um 55% af heildarfjölda skráðra óvæntra atvika árið 2017. Í tölunum kemur einnig fram að atvik tengd lyfjameðferð eru rúmlega 11% af heildarfjölda skráðra óvæntra atvika árið 2017.

### Heildarfjöldi skráðra óvæntra atvika

á öllum heilbrigðisstofnunum árið 2017

*Reported incidents in all health care facilities in 2017*

Allar heilbrigðisstofnanir (nema LSH og SAK)

*All health care facilities (except LSH and SAK)* 5.536

Landspítali (LSH) *Landspítali University Hospital* 4.090

Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) *Akureyri Hospital* 466

**Samtals Total** 10.092